



Fundargerð

404. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.
Fimmtudaginn 9. mars 2017, kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson (VP) oddviti, Karl Kristjánsson (KK), Ágúst Már Gröndal (ÁMG), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fimm blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Þrjú mál bárust og var samþykkt samhljóða að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 403. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 9. febrúar 2017.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulag- húsnæðis- og hafnarnefnd 6. febrúar 2017.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 1703002 – Ósk um leyfi til að setja niður skilti.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar og staðsetningu skiltisins innan Reykhólahrepps og ítrekar að leita þarf samþykkis Vegagerðarinnar vegna málsins. Samþykkt samhljóða.

2.2 1703004 – Suðurbraut 10, 139736, ný girðing og undirstöður undir gámastæðu.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða. Samþykkt samhljóða.

2.3 1503018 – Hellisbraut 72, 139721, tillaga að lóð N1.

Sveitarstjórn samþykkir lóðartillögu vegna lóðar N1 að Hellisbraut 72 og felur byggingafulltrúa að stofna lóðina, um hana verði gerður leigusamningur og honum þinglýst. Samþykkt samhljóða.

2.4 1703005 – Kirkjuból 139612, umsókn um stofnun nýrrar fasteignar, Kirkjuból – vegsvæði.

Sveitarstjórn samþykkir stofnun fasteignarinnar Kirkjuból – vegsvæði út landi Kirkjuból 139612. Samþykkt samhljóða.

2.5 1703006 – Miðhús 139644, umsókn um stofnun nýrrar fasteignar, Miðhús – vegsvæði.

Sveitarstjórn samþykkir stofnun fasteignarinnar Miðhús – vegsvæði úr landi Miðhúsa 139644. Samþykkt samhljóða.

2.6 1701006 – Breyting á fjárhæð húsaleigu eigna í eigu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir framlagðar reglur um leigu á íbúðarhúsnæði og tillögu að gjaldskrá. Gjaldskráin gerir ráð fyrir að leiguverð íbúða í eigu sveitarfélagsins verði bundið föstu gjaldi á hvern fermetra. 800 kr. á íbúðir án rafmagns og hita og 900 kr. á íbúðir með hita og rafmagni. Samþykkt samhljóða.

2.7 1703021 – Auglýsing lóða, Tröllendi 1 og 2 í Flatey, staðfestingagjald, umsóknareyðublað og drög að auglýsingu.

Sveitarstjórn samþykkir drög að auglýsingu og staðfestingargjald umsóknar auk þess umsóknareyðublað. Sveitarstjóra falið að auglýsa lóðirnar nú þegar, auglýsingin verði birt í blaði á landsvísi, héraðsblaði og á vef sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

3. Dreifbýlisnefnd 15. febrúar 2017.

Fundargerðin lögð fram. ÁBG fór yfir fundargerðina. Samþykkt að vísa máli um hunda- og kattarhald til umhverfis- og náttúruverndarnefndar. Samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 1701029 – Lagning ljósleiðara í Reykhólahreppi.

- 1.1. Skipting kostnaðar, kostnaður íbúa.
- 1.2. Skipulagning íbúafundar.
- 1.3. Umsóknareyðublað til samþykktar.
- 1.4. Undirritaður samningur um styrkúthlutun til kynningar.
- 1.5. Minnisblað lögmanns Pacta 6.3.2017 vegna ljósleiðaraverkefnis.

Sveitarstjóra falið að leita til endurskoðanda sveitarfélagsins vegna forms á rekstri fyrirtækis í eigu sveitarfélagsins til lagningu og reksturs ljósleiðara og leggja fram í samráði við lögmann sveitarfélagsins samþykkt þar sem fyrirtækinu verður falið lagning og rekstur ljósleiðara í sveitarfélaginu.

Samþykkt er að halda íbúafund 16. mars í Reykhólaskóla.

Sveitarstjórn ákveður að kostnaðarhlutdeild hvers styrkhæfs staðar í stofnkostnaði verði 250.000,- kr fyrir tengingu.

2. 1703022 - Skipun í verkefnanefnd, samráðshópur um verndarsvæði í byggð, byggðin í Flatey. Lögð fram drög að erindisbréfi fyrir samráðshópinn.

Sveitarstjórn skipar Áslaugu Bertu Guttormsdóttur og Karl Kristjánsson sem fulltrúa sveitarfélagsins og Vilberg Þráinsson og Sandra Rún Björnsdóttir til vara. Einnig eru skipuð Gyða Steinsdóttir og Valdimar Valdimarsson frá Framfarafélagi Flateyjar og Kristín Ingimarsdóttir til vara.

Hópurinn taki þegar til starfa, formaður hópsins verði Áslaug Berta Guttormsdóttir, samþykkt samhljóða.

Oddviti vikur af fundi undir næsta lið, varaoddviti tekur við stjórn fundarins.

3. 1703008 – Viðauki við samning um skólaakstur við Þráinn Hjálmarsson.

Vegna stækkunar skólabifreiðar á leiðinni Reykhólar – Gufudalur – Reykhólar.

Framlagður viðauki við samningu um skólaakstur vegna stækkunar bifreiðar samþykktur samhljóða. Sveitarstjóra falið að undirrita viðaukan. Samþykkt samhljóða.

Oddviti kemur aftur inn á fundinn og tekur við stjórn fundarins.

4. 1703009 – Ósk um heimagreiðslur.

Erindi frá Lovísu Ósk Jónsdóttur dagsett 21. febrúar 2017.

Erindinu vísað til afgreiðslu í mennta- og menningarmálanefnd. Samþykkt samhljóða.

5. 1703010 – Íbúaskrá 1. desember 2016.

Erindi og íbúaskrá frá Þjóðskrá Íslands dagsett 13. febrúar 2017.

Farið yfir íbúaskrá, engar athugasemdir gerðar.

6. 17030012 - Samningur um afritun verndaðra verka.

Erindi frá Fjölís dagsett 1. febrúar 2017.

Málinu frestað, þar til frekari upplýsingar liggja fyrir. Samþykkt samhljóða.

7. 1703011 –Mál frá Alþingi.

7.1. Frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, mál 128.

7.2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak o.fl., 106. mál.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

8. 1701002 – Samþykktar gjaldskrár fyrir meðhöndlun úrgangs og hunda og kattahald í Reykhólahreppi.

Erindi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða dagsett 13. febrúar 2017.

Lagt fram og kynnt.

9. 1703019 - Grunnsævi Reykhólahrepps.

Erindi frá Guðjóni D. Gunnarssyni dagsett 11. febrúar 2017.

Lagt fram.

10. 1703015 - Fornleifar í Flatey, aðalskráning.

Send af Guðrúnu Öldu Gísladóttur f.h. Fornleifafélags Barðastrendinga og Dalamanna 23. febrúar 2017.

Lagt fram, ásamt boði fornleifafélagsins á kynningu skýrslunnar fyrir skipulagsnefnd og skipulagsfulltrúa 10. apríl 2017.

Sveitarstjórn þiggur boðið fyrir hönd nefndarinnar.

11. 1703016 - Munaskrá og kennslubók.

Erindi, bók og skrá frá Félagi áhugamanna um bátasafn Breiðafjarðar, dagsett 27. febrúar 2017.

Munaskrá og kennslubók lögð fram. Sveitarstjórn þakkar Félagi áhugamanna um bátasafn Breiðafjarðar fyrir mjög ítarlega og vel unna munaskrá fyrir safnið.

12. 1703020 - Styrktarsjóður EBÍ.

Erindi frá EBÍ dagsett 23. febrúar 2017.

Lagt fram.

13. 1703017 - Stefnumótun í ferðaþjónustu.

Erindi frá Thorp ehf. ódagsett.

Lagt fram.

14. 1702011 - Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 16. febrúar 2017 og fundur í samráðsvettvangi sveitarfélaga á Vestfjörðum 25. janúar 2017.

Fundargerðir lagðar fram.

15. 1703013 – Fundargerð stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða 20. desember 2016 og fundur samráðsvettvangs aðildarsveitarfélaga BsVest 25. janúar 2017 .

Fundargerðir lagðar fram.

16. 1703014 – Fundargerð 111. fundar Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða 10. febrúar 2017 og ársreikningur 2016.

Fundargerð lögð fram ásamt ársreikningi.

17. 1703018 – Fundargerð 847. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

18. 1207008 – Vestfjarðarvegur 60, Bjarkalundur-Melanes.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps sendir frá sér eftirfarandi ályktun.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps krefst þess að staðið verði að fullu við þau fyrirheit sem gefin eru í ný samþykktri samgönguáætlun Alþingis.

Það er óásættanlegt eftir áralanga baráttu, að núna þegar loksins hillir undir að framkvæmdir geti hafist við þjóðveg 60 í Gufudalssveit, skuli óvissa ríkja um fjármögnun verksins.

19. 1703027 – Samningur við Motus um milliinnheimtu.

Lagður er fram samningur við Motus og Lögheimtuna um innheimtu allra vanskilakrafna til þriggja ára.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða.

20. 1703028 - Ósk um styrk til Heimalinga, ungmennastarf björgunarsveitarinnar.

Erindinu vísað til umfjöllunar í mennta- og menningarmálanefnd. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18:50

_____	_____
_____	_____
_____	_____